

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 26. apríl 2017 í máli nr. S-3/2017:

Ákærvaldið

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Lúðvík Bergvinsson hdl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var 30. mars 2017, er höfðað með ákæru útgefni af héraðssaksóknara 2. janúar 2017 á hendur X, kt. 000000-0000, [...], fyrir nauðgun gegn A, aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 2015 í tjaldi á tjaldstæði við Áshamar í Vestmannaeyjum, með því að hafa eftir að þau hófu samfarir með vilja beggja, beitt hana ofbeldi og ólögumætri nauðung við samfarirnar, slegið hana ítrekað í andlitið, sett fingur í endaparm hennar og ekki látið strax af háttseminni þó að hún hafi beðið hann um það og reynt að færa höndina á honum til, heldur tekið utan um háls hennar og þrengt að, klipið hana fast í brjóstin, bitið hana í vörina og haldið áfram samförum á meðan á framangreindu stóð, en A hlaut af háttseminni sprungu við endaparmsop, mar hægra megin á hálsi, bólgu og mar á neðri vör, mar á báðum brjóstum, mar á vinstri rasskinn, hægra læri og fótleggjum og húðrispur aftan á hálsi og efst á baki.

Þetta er talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A, kt. 000000-0000, er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr. auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. ágúst 2015 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá gerir réttargæslumaður kröfu um þóknun.

Ákærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins. Til þrautavara er þess krafist, verði ákærði sakfelldur, að honum verði ákveðin vægustu viðurlög sem lög heimila. Þá krefst ákærði þess aðallega að skaðabótakröfu A verði vísað frá dómi en til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunni. Til þrautavara krefst ákærði þess að fjárhæð kröfunnar verði stórlega lækkuð. Þá er þess krafist að verjanda ákærða verði tildæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Þegar málið var tekið fyrir í þinghaldi 7. mars 2017 voru málflytjendur og dómari sammála um að ekki færi fram sérstakur málflytningur um frávisunarkröfu

ákærða, heldur yrði fjallað um kröfuna við aðalmeðferð málsins.

## I.

Sunnudaginn 2. ágúst 2015 kl. 21:18 kom brotaþoli, A, á lögreglustöðina í Vestmannaeyjum og tilkynnti að henni hefði verið nauðgað síðastliðna nótt. Með henni í för var B. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að brotaþoli hafi verið í sjáanlegu uppnámi, verið grátbólgin og henni sýnilega liðið illa. Starfsmaður barnaverndar var kallaður til þar sem brotaþoli var [...] ára. Hjá lögreglu voru teknar ljósmyndir af áverkum brotaþola.

Hinn 7. ágúst 2015 gaf brotaþoli skýrslu hjá lögreglu. Hún greindi frá því að hafa mælt sér mót við fyrrverandi kærasta sinn, ákærða í máli þessu, hjá matartjaldinu. Þegar hún hefði hitt ákærða hafi vinkona hennar verið með henni, C. Brotaþoli sagði að eftir að hún hætti með ákærða hafi þau stundum hist til þess að sofa saman. Brotaþoli og ákærði hefðu rölt saman og farið inn í tjald hans og talað dálítið saman. Þau hafi byrjað að kyssast eitthvað og hún hefði hugsað með sér að hún væri ekki viss hvort hún vildi þetta en ekkert sagt við hann. Hann hafi tekið hana úr að ofan og hann hefði sjálfur farið úr öllu. Hann hafi lagst á dýnu á bakið og sagt henni að totta hann og hún hefði gert það. Allt í einu hafi hann orðið ógeðslega „aggressivur“ en hann hefði aldrei verið þannig áður. Hann hefði reynt að ýta hausnum á henni til að limur hans færi lengra upp í hana. Hún hafi spurt hvað hann væri að gera. Hún hefði ekki alveg vitað hvað væri í gangi því að hann hefði aldrei verið svona áður og hún sagt honum að gera þetta ekki. Hann hafi vitað að hún væri ekki týpan sem fílar eitthvað svona og hún hefði sagt honum að því oftast sem hann gerði þetta því meira myndi hún berjast á móti því að gera það sem hann vildi gera. Þannig að hann hefði hætt. Hann hefði klætt hana alveg úr og sagt henni að fara ofan á sig. Hún hefði gert það og þá hefðu þau byrjað að „sofa saman“. Það hefði verið allt í lagi í fyrstu en svo hafi hann byrjað að kalla hana ógeðslega illum nöfnum. Hann hefði ekki verið vanur að gera það. Hann hefði gert lítið úr henni og sagt að hún væri ógeðsleg mella og eitthvað. Hún hafi ekki vitað hvað væri að gerast og frosið einhvern veginn og fundist að hún gæti ekki lengur svarað fyrir sig. Hann hefði snúið henni við þannig að hún hafi farið á bakið og þá hafi hann byrjað að slá hana, mjög fast í andlitið. Hann hefði slegið hana oft og það fast að höfuð hennar hafi kastast til hliðar, þannig að hún hafi ekki getað haldið höfðinu uppi. Þetta hafi verið ótrúlega vont en hún hafi ekki þorað að segja neitt, af því að hún hafi ekki viljað valda honum vonbrigðum. Svo hafi hann byrjað að kyrkja hana það fast að hún hafi ekki getað andað og ekki getað sagt neitt eða gert neitt. Hún hefði reynt að gefa merki með höndunum en hún hafi ekki verið viss um að hann hafi séð það. Hún hefði fengið óþægilega tilfinningu í hausinn. Á endanum hefði hann hætt. Hún hefði ekki sagt neitt við hann og bara haldið áfram að vera

frosin eins og einhver hlutur. Svo hafi hann gripið í brjóstin á henni ótrúlega fast og harkalega og byrjað að toga hana upp. Hún hafi fundið fyrir ótrúlega miklum sársauka. Hún hafi lokað augunum fast og beðið eftir því að þetta væri búið. Hann hafi svo sleppt henni og byrjað að kyssa hana aftur og bitið í efri vör hennar, ógeðslega fast. Hann hefði svo snúið henni aftur við þannig að hann væri undir henni og ætlað að putta á henni rassinn. Hann hafi vitað að hún hati það og hún hafi sagt „nei, ekki, hættu“. Hann hefði bara sagt henni að þegja og haldið áfram. Hún hefði sagt „ái, þetta er vont, hættu“. Hann hefði aftur sagt henni að þegja. Hún hafi sagt þrisvar við hann að hætta og í öll skiptin hafi hann sagt henni að þegja. Hún hafi reynt að færa hönd hans með hendi sinni og hann hafi sagt henni að færa höndina. Hún hefði reynt þetta aftur en hann sagt henni að færa höndina. Hún hafi verið orðin svolítið hrædd og ekki gert annað en að hlýða honum bara. Svo hefði hann spurt hvort henni fyndist þetta ekki gott og hún sagt: „Nei, þetta er ekki gott.“ Þá hafi hann sagt eitthvað, „ok“ og hætt. Svo hafi hann sagt: „Viltu, þú veist viltu fá hann inn í rassinn á þér eða eitthvað.“ Hún hafi sagt nei og hann sagt: „Nei þú ert ógeðsleg mella til að vilja það eitthvað.“ Þá hafi hún farið að hágráta og verið hágrátandi á meðan hann hafi haldið áfram. Hún hafi ekki vitað hvað hún ætti að gera og verið ógeðslega hrædd. Hann hafi séð hana gráta og spurt hvort þetta hafi verið of mikið. Hún hefði svarað: „Já væntanlega er þetta of mikið hjá þér.“ Hann hefði sagt: „Ok fyrirgefðu.“ Svo hafi hann sagt henni að fara á fjóra fætur og ætlað að halda áfram. Hann hafi ætlað að setja liminn í rassinn á henni og hún hafi ýtt honum þá frá sér hágrátandi og sagt: „Hættu, ég vil fara heim núna.“ Hann hafi bara verið voða hissa og spurt hvort hún vildi fara heim. Hún hafi svarað játandi og þá hafi hann sagt: „Farðu heim,“ og látið hana fá fötin hennar.

Brotapoli sagði að eftir að hún fór út úr tjaldinu hafi hún hringt í C vinkonu sína sem hafi sagt henni að hitta sig í Dalnum. Þar sem C hafi verið langt í burtu hafi brotapolí hringt í aðra vini sína en þeir ekki svarað. D vinur hennar hefði svo hringt til baka og hann hitt hana og beðið hjá henni þar til C kom. Þau hefðu sagt henni að láta þetta ekki skemma kvöldið fyrir henni og farið með hana upp í brekku. Þau hefðu verið þar í um 20 mínútur og svo hafi hún beðið þau um að fara með hana heim. Hún hafi svo farið til lögreglunnar daginn eftir. Einnig hafi hún farið á Neyðarmóttökuna.

Brotapoli var spurð hvort hún hefði einhvern tímann stundað harkalegt kynlíf með ákærða á þeim sjö mánuðum sem þau voru kærustupar og svaraði brotapolí: „Ekki svona nei en við vorum skilur þú vorum svona týpur sem að þurftum alltaf að prófa allt. Þannig að þú veist hann hefur kyrkt mig en ekki fast skilur þú. Þetta var bara svona. Hann setti hendina bara um hálsinn á mér skilur þú en þröngvaði aldrei að skilur þú. Og hann hafði slegið mig áður en hafði aldrei

slegið mig fast. Bara svona rétt aðeins. En aldrei þannig að hausinn á mér fari þú veist á hliðina.“ Jafnframt sagði brotapolí að ákærði hefði aldrei áður veitt henni áverka.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 2. ágúst 2015. Ákærði skýrði frá því að hann og brotapolí hefðu verið saman í sjö mánuði. Þau hefðu hætt saman í maí 2015 en hist á viku til tveggja vikna fresti til að sofa saman. Um meint brot sagði ákærði að þau hefðu mælt sér mót hjá veitingatjaldinu og rölt niður á tjaldsvæði og farið inn í tjald. Hann kvaðst vita hvað hún fíli og hvað hún fíli ekki. Hún fíli að láta aðeins slá í sig, létt á kinnina. Hann hefði kannski gert það aðeins fastar en hann hafi ætlað sér, vegna ölvunar. Annars hafi hann ekki gert neitt sem hún hafi ekki viljað. Nánar um atvik sagði ákærði að hann hefði tekið hana fyrst úr peysunni. Hún hefði farið úr bolnum og hann hefði farið úr sínum. Hann hefði fyrst legið á bakinu og hún tottað hann. Svo hafi hún sest ofan á hann. Hún hafi samt verið „voða lin, ekkert fjör í því“. Hann hefði lagt hana á bakið og hún svo aftur sest ofan á hann. Hún hafi legið á bakinu þegar hann sló hana utan undir og ekki sagt að hann ætti að hætta að slá hana. Um ástand brotapóla þegar hún fór út úr tjaldinu sagði ákærði að hún hafi verið grátandi. Hún hafi verið byrjuð að gráta og hann reynt að tala við hana. Hún hafi sagt að hún skildi ekki af hverju, hvað væri í gangi. Hann kvaðst ekki vita af hverju hún hafi verið að gráta. Hann hefði pottþétt slegið hana of fast. Það gæti vel verið. Henni hafi líðið illa með það en hann myndi aldrei láta henni líða illa. Honum þætti vænt um hana þótt þau væru hætt saman. Spurður hvort hann hefði sett puttana í endaparm hennar kvaðst hann hafa gert það en hún hafi sagt honum að hætta því. Inntur eftir því hvað hann hafi gert svaraði hann: „Ég hætti. Ehh ég hélt áfram í smá stund. En þá sagði hún bara hættu. Þannig ég hætti því. Ég á það til að gera það sko. Bara oft. En ekkert meira en hún vill.“ Ákærða var kynntur vitnisburður brotapóla um að hann hefði tekið hana kyrkingartaki og kvaðst ákærði ekki muna eftir því en sagði að það gæti vel verið. Þegar þau stundi kynlíf geri þau þetta. Henni finnist það gott en ekki of mikið náttúrulega. Hvort hún hafi verið sátt við það þarna sagði ákærði: „Nei augljóslega ekki.“ Ákærði kvaðst muna eftir að hafa gripið um brjóst brotapóla. Hann hafi ekki verið að reyna að meiða hana en hann hafi verið harðhentur. Einnig var borinn undir ákærða vitnisburður brotapóla um að hann hefði kallað hana druslu og hóru og sagði ákærði að hann vissi ekki af hverju hann hafi verið að því. Hann hafi aldrei gert það áður og liði ömurlega yfir því.

Hjá lögreglu gáfu skýrslu vitnin B, C, D, E, F, G, H og I.

## II.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða kemur fram að ákærði hafi verið skýr og rólegur. Hann hafi ekki verið verulega ölvaður. Engin

áverkamerki hafi sést á ákærða.

Samkvæmt skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotaþola, á Neyðarmóttöku 3. ágúst 2015 klukkan 10, var brotaþoli með húðblæðingu hægra megin á hálsi (mar). Þá var hún bólgin á neðri vör og með húðblæðingu fyrir neðan vörina. Auk þess var hún með á báðum brjóstum húðblæðingar, depilblæðingar (mar). Einnig var hún með eymsli við þreifingu á neðri hluta brjóstbaks, yfir hryggjartindum. Jafnframt var hún með húðblæðingu (mar) á vinstri rasskinn og hægra læri. Framan á hné og sköflungi var hún með húðrispur og mar. Einnig var hún með húðrispur á hálsi og efst á baki. Þá var hún með sprungu í endaþarmsopi. Teknar voru ljósmyndir af áverkum brotaþola á Neyðarmóttöku.

Í vottorði J, sérfræðings í klínískri sálfræði, dags. 30. nóvember 2015, kemur fram að brotaþoli hóf meðferð í Barnahúsi 8. september 2015 og að hún hafi sótt átta viðtöl hjá sérfræðingnum. Lagðir voru fyrir brotaþola við upphaf meðferðar sjálfsmatslistar og gáfu þeir til kynna veruleg einkenni þunglyndis og streitu og voru niðurstöður yfir klínískum greiningarviðmiðum. Hún sýndi veruleg einkenni áfallastreitu þótt listinn næði ekki viðmiðunarmörkun, en brotaþoli var með 30 stig. Viðmið væru 38 stig og ofar. Niðurstöður gáfu ekki til kynna kvíða en brotaþoli hefði byrjað að taka lyf við kvíða aftur eftir meinta nauðgun og þau væntanlega dempað kvíðaeinkenni. Áður hafi brotaþoli tekið lyf, fyrr á árinu, en hætt að taka þau þar sem líðan hennar hafi verið orðin góð.

Í samantekt sérfræðingsins segir að brotaþoli muni halda áfram meðferð hjá henni. Brotaþoli hafi tekið virkan þátt í meðferðinni og gert vel grein fyrir líðan sinni og á skýran og trúverðugan hátt. Hún hafi gert grein fyrir breytingum á líðan sinni eftir meint kynferðisofbeldi í byrjun ágúst og lýst erfiðum tilfinningum og hugsunum í kjölfarið sem hafi valdið neikvæðum áhrifum á líðan hennar, daglega virkni og traust hennar á umhverfi sínu og öðru fólki. Þetta sé líðan sem sé vel þekkt sem afleiðing kynferðisofbeldis. Þetta sé líðan sem fleiri hafi tekið eftir, eins og móðir brotaþola sem hafi fundið fyrir breytingum á áhuga hennar og metnaði tengt skólanum og hversu viðkvæm brotaþoli sé gagnvart mörgu sem hún hafi ekki verið áður. Nokkuð hafi dregið úr vanlíðan síðan meðferð hófst en þó sé ýmislegt óunnið ennþá og sumt sem brotaþoli vildi fá aðstoð við, eins og hvernig hún ætti að segja nákomnum ættingjum frá því sem gerðist, en þau hefðu tekið eftir breytingum í líðan og frammistöðu brotaþola en vissu ekki af hverju þær stöfuðu.

## II.

Ákærði lagði fram skriflega greinargerð í málinu, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Frávísunarkrafa ákærða er byggð á því að í rannsóknargögnum málsins liggi fyrir yfirlýsingar frá brotaþola og ákærða um að sú háttsemi ákærða, sem tilgreind

sé í ákæru, falli að öllu leyti undir venjubundið kynlíf þeirra tveggja. Þar sé einkum vísað til kinnhesta, flenginga, harðhentra taka á brjóstum, endaparmsmaka, kyrkinga, og samskipta og samskiptaforms þeirra að öðru leyti meðan á kynlífi stóð. Því verði að líta svo á að ákæran byggist á því að í umrætt sinn hafi háttsemi ákærða farið út fyrir þau mörk sem hafi verið viðurkennd í samlífi þeirra. Engin tilraun sé þó gerð í ákæru, né rannsóknargögnum, til að útskýra hvar þessi mörk liggja, þ.e. hvenær samræðið hafi breyst úr því að vera kynmök með samþykki beggja yfir í það að háttsemi ákærða varðaði við 194. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði vísar til 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en þar segi að rannsakendum og ákærendum sé skylt að vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós. Þeim sé því skylt að huga jafnt að þeim atriðum sem horfi til sýknu og sektar. Þessi regla um hlutlægni þeirra sem rannsaka sakamál og fara með ákæruvald sé ein af mikilvægustu grunnreglum sakamálalaga. Reglan sé náskyld reglu 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Ákærði segir að öll rannsóknin virðist hafa gengið út á það að sýna fram á sekt, þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að allar upplýsingar í rannsóknargögnum hafi eindregið bent til þess að um hefðbundið kynlíf ákærða og brotþola hafi verið að ræða í umrætt sinn. Með öllu sé óljóst hvenær brot eigi að hafa hafist, í hverju það eigi að hafa falist nákvæmlega og hvenær ákærða hafi átt að vera ljóst að hann væri farinn að ganga yfir einhver mörk með háttsemi sinni. Vegna þessa sé ómögulegt að tefla fram vörnum hvað þetta varðar og sé því rétt að vísa ákærunni frá dómi. Ákærði telur að ákæran uppfylli ekki kröfur c- og d-liða 152. gr. laga nr. 88/2008, þ.e. um að greina skuli svo glöggst sem verða má hver sú háttsemi er sem ákært er fyrir og þær röksemdir sem málssóknin byggist á komi skýrlega fram.

Ákærði telur að svo bersýnilegir annmarkar séu á ákærunni, að því er varðar efni hennar og rökstuðning, auk þess sem fyrir liggja að við rannsókn málsins hafi ekki verið horft til atriða sem kunni að leiða til sýknu ákærða, sem augljóslega verði ekki bætt úr undir rekstri þess, að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi þar sem afar erfitt sé fyrir ákærða að tefla fram fullnægjandi vörnum við þessar aðstæður.

Varakrafa ákærða um sýknu er byggð á því að það sé skilgreiningaratriði nauðgunar að orsakatengsl séu á milli ofbeldis, hótana um beitingu ofbeldis og ólögmaðrar nauðungar annars vegar og samræðis og annarra kynmaka hins vegar, eins og nánar sé lýst í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Í rannsóknargögnum málsins komi fram að kynlíf ákærða og brotþola hafi verið markað af því að þau hafi viljað stunda gróft kynlíf. Liður í þeim athöfnum hafi m.a. verið að ákærði hafi slegið brotþola á kinnina og/eða á rassinn. Nánar

tiltekið hafi ákærði slegið brotþola létt á kinnar í upphafi kynlífsathafna og hert svo á slættinum eftir því sem á leið. Hið sama hafi átt við um flengingar á rass. Það hafi því margoft komið fyrir að talsverður roði væri á kinnum og á rassi brotþola eftir kynlíf þeirra, auk þess sem brjóst brotþola hafi verið marin eftir að tekið hafi verið á þeim.

Ákærði heldur því fram að myndir af áverkum brotþola, roði á kinnum og á rassi auk marbletta á brjóstum, séu í samræmi við það sem áður hafi gerst eftir kynlífsathafnir ákærða og brotþola. Ákærði telur óljóst hvaða erindi myndir af hnjám og fótum brotþola eigi í rannsóknargögn málsins. Þá segir ákærði að myndir í rannsóknargögnum málsins af brotþola hafi verið teknar nokkru eftir að hin meinta nauðgun eigi að hafa átt sér stað. Því sé varhugavert að álykta sem svo að öll þau ummerki sem þær beri með sér á líkama brotþola stafi alfarið af samlífi þeirra umrætt sinn. Til að mynda geti áverkar á hnjám brotþola gefið vísbendingar um að fleiri atburðir kunni að geta hafa haft veruleg áhrif.

Ákærði hafnar því að hann hafi haft vitneskju um að brotþoli hafi ekki viljað hafa endaparmsmök eða að puttar yrðu settir í endaparm hennar. Það hafi að jafnaði aðeins farið eftir stemmningu í kynlífi þeirra hverju sinni hvort vilji þeirra hafi staðið til slíkra atlota eður ei, enda hafi þau oft áður haft endaparmsmök. Þá verði að líta til þess að brotþoli hafi lýst því við rannsókn málsins að þau hafi stundað „kyrkingar“, en brotþoli hafi lýst því að þau hafi viljað prófa sem flest, eða eins og nánar segi í skýrslu brotþola: „Við vorum skilur þú svona týpur sem þurftum alltaf að prófa allt. Þannig að þú veist hann hefur kyrkt mig en ekki fast skilur þú. Þetta var bara svona.“ Ákærði telur ljóst að lýsingar brotþola hjá lögreglu á kynlífsvenjum hans og brotþola hafi verið í samræmi við það kynlíf sem þau hafi stundað umrætt sinn á tjaldsvæðinu við Áshamar í Vestmannaeyjum.

Þá byggir ákærði á því að í rannsóknargögnum málsins komi fram að kynmök þau sem ákært er fyrir hafi hafist með samþykki beggja og að frumkvæði að kynmökunum hafi komið frá brotþola. Brotþoli hafi sent ákærða SMS-skilaboð með fyrirspurn um hvort hann vildi koma að ríða og hún hafi endurtekið skilaboðin tæpri klukkustund síðar, þar sem ekkert svar hafi komið frá ákærða. Ákærði kveðst aldrei hafa verið upplýstur um það af hálfu brotþola meðan á samförum stóð að einstakar athafnir eða háttsemi ákærða væru í andstöðu við eða færu gegn vilja brotþola, þ.e. ef undan sé skilið að brotþoli kveðst hafa gert athugasemdir þegar ákærði ætlaði að „putta á mér rassinn“, eins og segi í skýrslu brotþola. Þá hafi brotþoli í skýrslu sinni hjá lögreglu sagt: „Ég orðaði þetta þannig að ef þú veist að hann ef hann héldi áfram að stjórna mér þá myndi ég ekki gera það sem hann vildi að ég gerði, þannig að þú veist.“ Af þessum orðum verði ráðið að hluti af samskiptum þeirra í kynlífi hafi verið átök um það hver skyldi

stjórna og hver skyldi lúta hverjum. Af skýrslugjöf beggja verði ráðið að um leið og ákærða hafi verið fullkomlega ljós sá eindregni vilji brotþola að hún vildi ekki láta putta frekar á sér rassinn hafi ákærði hætt þeirri háttsemi samstundis.

Einnig byggir ákærði á því að af myndum af vettvangi verði ráðið að varla hafi verið meira en einn metri eða svo á milli tjalda og að fyrir liggi vitnisburðir einstaklinga sem hafi verið í næsta tjaldi um að þau hafi aldrei á þeim tíma sem um ræðir heyrt nokkuð sem hafi bent til þess að nauðgun eða annað ólöglegt athæfi hafi átt sér stað. Þessi staðreynd færi enn frekari stoð undir þá fullyrðingu ákærða að aldrei hafi komið fram ósk eða beiðni af hálfu brotþola um að hún vildi hætta samförum eða þátttöku í einstaka kynlífsathöfnum meðan á þeim stóð.

Enn fremur byggir ákærði á því að verknaður sá sem ákært er fyrir sé ekki saknæmur nema hann sé unninn af ásetningi, sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga. Rannsóknargögn málsins beri þess vitni að útilokað sé að ákærði hafi haft uppi ásetning í umrætt sinn til að brjóta gegn kynfrelsi brotþola. Umrætt tilvik hafi ekki verið á nokkurn hátt öðruvísi en tíðkast hafi í kynlífi þeirra. Enginn ásetningur hafi verið til staðar af hálfu ákærða til að brjóta gegn brotþola á þann hátt sem lýst er í ákæru og því komi refsing fyrir þá háttsemi sem þar er lýst ekki til álita.

Þrautavarakröfu um vægustu viðurlög sem lög heimila byggir ákærði á því að hann hafi ekki verið orðinn [...] ára þegar umræddur atburður hafi átt sér stað og hann hafi ekki áður sætt refsingu. Þá verði heldur ekki litið framhjá því að mjög langur tími hafi liðið frá því að kæra brotþola var lögð fram þar til rannsókn lauk og ákæra var gefin út, eða 17 mánuðir, sem samræmist ekki meginreglu sakamála laga um málshraða, sbr. 171. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Við ákvörðun refsingar verði því að taka tillit til þessa.

Með vísan til alls framangreinds krefst ákærði þess að framkominni bótakröfu brotþola verði vísað frá dómi, en til vara að hann verði sýknaður af kröfunni. Fari svo að ákærði verði sakfelldur fyrir nauðgun, og talinn bera bótaábyrgð gagnvart brotþola, þá krefst ákærði þess til þrautavara að krafan verði lækkuð. Miskabótakrafan sé alltof há og í engu samræmi við málsatvik eða dómaframkvæmd. Fjárhæð kröfunnar er því mótmælt.

### III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins.

Ákærði skýrði frá því að hann og brotþoli hefðu verið kærustupar á árinu 2014 en í byrjun maí 2015 hefðu þau hætt saman. Um atvik umrædda helgi sagði ákærði að þau hefðu verið í samskiptum og rætt um að hittast til að sofa saman. Þau hefðu hist við veitingatjaldið og rölt í átt að tjaldsvæðinu sem ákærði var á. Þetta hafi verið um 15 mínútna gangur. Þegar þau hafi komið á tjaldsvæðið hafi hann rætt

stuttlega við G sem hafi verið í næsta tjaldi.

Þá sagði ákærði að í tjaldinu hafi hann og brotaþoli byrjað að kyssast og hann klætt hana úr peysunni og bolnum. Hann hefði svo sjálfur klætt sig úr öllu nema sokkunum. Þau hefðu svo haldið áfram að kyssast. Hann hefði lagt á dýnuna og hún byrjað að totta hann. Þau væru von að byrja þannig. Hún hefði svo farið ofan á hann og þau byrjað að stunda samræði. Síðan hafi hún farið á bakið og hann verið á hnjúnum og þau haft samræði. Inn á milli hafi hann tekið utan um háls hennar og veitt henni kinnhesta. Þetta hefði ekki verið neitt sem hann hefði ekki gert áður. Þetta hefði verið „mjög basic“ hjá þeim. Jafnframt sagði ákærði að þegar hún hafi verið ofan á honum hafi hann flengt hana á rassinn, eins og hann hafi gert áður. Þannig að það hafi ekki verið neitt skrytið við það. Ákærði sagði að hún hefði farið aftur ofan á hann og þá hafi hann farið að gæla við rassinn á henni en hún hefði beðið hann að hætta því. Hann hefði spurt hvort hún væri ekki að fila það og hún sagt nei. Hann hefði þá hætt því. Ákærði kvaðst ekki hafa reynt það aftur eftir að hún sagði nei. Einnig sagði ákærði að það hefði komið upp áður, þegar þau hafi stundað samræði, að þau hefðu talað „dirty“. Hann hefði t.d. spurt hvort hún vildi að hann riði henni fastar og hún sagt já. En í umrætt skipti hefði hann kallað hana nöfnum, sagt að hún væri hóra og svoliðis, og hún hafi þá farið að gráta. Þá hefðu þau hætt samförunum. Ákærði kvaðst ekki vita af hverju hann hafi kallað hana hóru. Honum hafi þótt vænt um hana á þessum tíma. Hann hafi bara ætlað að tala „dirty“ eins og hann hafi gert áður. Inntur eftir því hvað hann hafi gefið henni oft kinnhest sagði ákærði að það hefði verið í fimm til tíu skipti, þéttingsfast. Um hálstakið sagði ákærði að hann hefði notað aðra höndina og þrengt létt að í einhvern tíma. Ekki í langan tíma, bara eins og hann hafi verið vanur. Spurður hvort hann hafi bitið brotaþola í vörina sagði ákærði að hann hefði gert það og hann hafi gert það áður. Einnig sagði ákærði að hann hefði klipið hana í brjóstin en það hafi ekki verið neitt óvenjulegt við það. Hann hefði gert það oft og hann hefði líka stundum gert sogblett á brjóstin á henni við samfarir. Fram kom hjá ákærða að hann hafi haft samfarir við brotaþola á meðan hann sló hana og tók um háls hennar. Þá sagði ákærði að brotaþoli hefði verið „létt ölvað“ en hann hefði verið aðeins ölvaðri en hún. Nánar um það hvernig ákærði hafi gælt við endaparm brotaþola sagði ákærði að hann hefði byrjað á því að strjúka hann og svo hefði ákærði farið létt inn með puttann. Ákærði greindi frá því að þau hefðu einu sinni prófað endaparmsmök og það gengið ágætlega fyrir sig. Eftir það hafi hann oft gælt við endaparm hennar þegar þau hafi stundað venjuleg kynmök.

Ákærði sagði að þegar þau hefðu hætt í tjaldinu hafi hún klætt sig og hann reynt að tala við hana en hún hafi ekki viljað það. Hann hefði því bara leyft henni að fara. Hún hafi verið grátandi þegar hún fór. Ákærði kvaðst hafa spurt af hverju

hún væri að gráta en hún ekki gefið honum svar. Ákærði taldi að hún hafi verið grátandi vegna þeirra meiðyrða sem hann hefði sagt við hana. Ákærði sagði að hann hafi ekki verið í neinum samskiptum við brotþola eftir þetta, fyrir utan sms sem hann sendi í kjölfarið og eitt skipti sem þau hafi ætlað að hittast seinna í ágúst 2015 en ekkert hafi orðið úr því. Borin voru undir ákærða sms-skilaboð sem hann sendi brotþola kl. 00:59 hinn 2. ágúst 2015 þar sem ákærði sagði „fyrirgefðu“ og eftirfarandi skilaboð klukkan 01:24: „okeim ein tilraun í viðbot, eg veit hvað eg gerði rangt og skil 100% afh þer liður illa eg for með þig eins og hlut aðan.“ Ákærði sagði að hann hafi átt við það að hann hefði talað við brotþola á of grófan hátt og þess vegna hafi honum liðið mjög illa. Einnig var borið undir ákærða svar brotþola klukkan 02:50 þar sem brotþoli sagði: „Bara trúi ekki að þú af öllum hefði gert þetta en ég er ekki tilbúin að fyrirgefa þer.“ Einnig var borið undir ákærða svar hans: „neim skil þig taktu þer allan timann sem þu þarft.“ Ákærði ítrekaði þá að hann hafi átt við orðbragðið og sagði að ekkert hefði gerst umrætt sinn sem hann hafi ekki gert áður. Það hafi bara verið orðbragðið sem hafi ekki komið upp áður og það hafi verið það eina sem hafi gengið of langt hjá ákærða umrætt sinn.

Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu 2. ágúst 2015 þar sem ákærði var spurður hvað brotþoli hafi sagt þegar hann hafi sett puttana í endaparminn. Hún hafi sagt honum að hætta. Spurður hvað hann hafi gert sagði ákærði hjá lögreglu: „Ég hætti. Ehh ég hélt áfram í smá stund. En þá sagði hún bara hættu. Þannig ég hætti því.“ Ákærði var inntur eftir því fyrir dóminum hvort hann hafi haldið áfram eftir að brotþoli bað hann að hætta og sagði hann: „Ekki lengi en ég hélt áfram og spurði hana þá hvort þetta væri ekki gott og hún sagði nei og þá hætti ég og ég reyndi það ekki aftur eftir það.“ Þá var borinn undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þar sem hann var spurður af hverju brotþoli hafi verið að gráta og ákærði sagði: „Ég bara veit það ekki. Eins og ég segi þá hef ég pottþétt slegið hana of fast.“ Einnig var borinn undir ákærða framburður hans um að hann hefði slegið brotþola aðeins fastar en hann hafi ætlað sér út af áfenginu. Ákærði kvaðst ekki hafa upplifað það þannig að hann hefði slegið hana of fast, en honum hafi fundist það frekar líklegt að hann hafi gert það vegna ölvunar. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neina áverka á brotþola þegar hún fór úr tjaldinu, ekki heldur á vörinni.

Um samband hans og brotþola sagði ákærði að það hefði byrjað mjög venjulega en með tímanum hafi kynlíf þeirra orðið grófara og grófara. Þau hafi viljað prófa ýmislegt. Stundum hafi hann komið með tillögur og stundum hún. Þá sagði ákærði að brotþoli hafi nánast alltaf verið með áverka eftir kynlíf þeirra, verið með rjóðar kinnar eða roða á rassinum og með naglaför á bakinu. Svo hafi

ákærði átt til að gera sogblett á brjóst hennar. Samband þeirra hafi aðallega snúist um kynlíf. Eftir að þau hættu saman hafi þau ákveðið að halda áfram að hittast til að stunda kynlíf. Kynlíf þeirra hafi nánast alltaf verið eins, byrjað eins og endað eins. Það hafi verið mikið um flengingar og hálstök.

*Brotapoli* sagði fyrir dómi að ákærði væri fyrrverandi kærasti sinn en þau hefðu verið sama í um sjö mánuði. Þau hefðu hætt saman í lok júní eða byrjun júlí 2015. Umrætt kvöld hafi þau ætlað að hittast til að sofa saman. Brotapoli kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis en ekki verið full. Þau hefðu hist við veitingatjaldið og gengið saman á tjaldstæði sem hafi verið í 6-8 mínútna göngufjarlægð. Á tjaldsvæðinu hafi ákærði rætt við þann sem var í næsta tjaldi.

Spurð um atvik í tjaldinu sagði brotapolí að hún myndi allt sem hefði gerst en ekki nákvæmlega tímaröðina vegna þess að sálfræðingur hennar hafi ráðlagt henni að blokkera þetta þar sem hún hafi stöðugt verið að hugsa um þetta. Brotapoli sagði að þau hafi byrjað að kyssast og allt verið í góðu. Ákærði hafi svo tekið hana úr að ofan og svo úr öllum fötunum. Hann hafi klætt sig úr öllum fötunum. Brotapoli kvaðst hafa hugsað með sjálfri sér af hverju hún væri að gera þetta en henni hafi fundist sem hún gæti ekki stoppað þetta af strax. Hún hafi því haldið áfram. Þegar þau hafi verið komin úr öllum fötunum þá hafi hún farið ofan á hann en þá hafi ekkert kynlíf verið í gangi. Hann hafi svo sagt henni að totta hann og hún hafi gert það. Hann hafi byrjað að vera harkalegur, tekið í höfuð hennar og sagt henni hvað hún ætti að gera. Hún hafi ekki flað það og sagt að ef hann hætti þessu ekki þá myndi hún hætta. Hann hafi þá aðeins bakkað. Kynlífið hafi byrjað eðlilega. Hún hafi stuttu eftir að það byrjaði farið á bakið og ákærði farið upp á hana. Hann hafi byrjað að kalla hana illum nöfnum eins og „drusla“ og „litla hóran mín“. Þetta hafi alls ekki verið eðlilegt og aldrei komið fyrir áður. Henni hafi því brugðið svolítið. Á þessum tímapunkti hafi hún ekki sagt neitt. Svo hafi hann byrjað að slá hana rosalega fast þannig að höfuð hennar hafi hreyfst til. Hann hafi nánast slegið hana niður. Brotapoli sagði að hún hafi aldrei verið slegin og fundist hún vera eins og drasl, eins og einhver hlutur. Hún hafi ekki þorað að segja neitt og haldið höfðinu niður á hlið þannig að hann gæti ekki slegið hana niður en þá hafi hann sagt henni að rétta upp höfuðið. Hún hafi ekki gert það og hann hafi þá rífið í höfuð hennar og slegið hana aftur niður. Svo hafi hann gripið í brjóst hennar ógeðslega fast og rífið hana upp, þannig að hún hafi farið frá því að liggja á bakinu og sitja upprétt. Hún hafi aldrei fundið svona sársauka áður. Á þessum tímapunkti hafi hún hugsað að hún vildi deyja. Hún hafi ekki getað meir, hún hafi verið svo ógeðslega hrædd. Hann hafi svo bitið ótrúlega fast í vör hennar og haldið lengi. Hún hafi bara lokað augunum og séð blóð fyrir sér. Ákærði hafi líka „kyrkt“ hana. Þegar þau hafi áður stundað kynlíf hafi hann haldið henni með lausu kverkataki en þetta skiptið hafi

hann haldið það fast að hún hafi verið hætt að geta andað og verið með þrýsting í hausnum. Hún hafi reynt að gefa honum merki með höndunum, með því að veifa þeim, en hann hafi ekki hætt strax heldur stuttu eftir það. Þá hafi hún farið aftur ofan á hann og verið hágrátandi. Hann hafi þá reynt að fá hana til að stunda endaparmsmök. Þegar þau voru saman hafi hann gert það áður og hún ekki viljað það en í eitt skipti hafi hún látið undan honum. Eftir það hafi verið skýrt að þetta væri ekki fyrir hana og hann hafi vitað það. Henni hefði því brugðið umrætt sinn í tjaldinu. Hann hafi byrjað að putta hana í rassinn virkilega harkalega og lengi. Hún hafi byrjað að segja „nei“ og „hættu“ og „ég vil þetta ekki“ og „ekki“ en hann hafi ekki hætt. Hún hafi reynt að taka í höndina á honum og færa hana en hún hafi ekki verið nógu sterk. Þá hafi hann spurt hvort það væri ekki allt í lagi og hún sagt að svo væri ekki og að hún væri grátandi. Hann hafi spurt hvort þetta væri of mikið fyrir hana og hún þá svarað játandi. Hann hafi þá sagt fyrirgefðu og sagt að hann myndi hægja á sér. Hann hafi svo gert eitthvað aftur, en hún myndi ekki hvað, og þá hafi hún fríkað út og ýtt honum af sér og enn verið hágrátandi. Hún hafi klætt sig í fötin og ákærði legið á bakinu við hliðina á henni og haldið fyrir andlitið, eins og hann hafi verið að hugsa: „Hvað er ég búinn að gera?“ Hún hafi farið út úr tjaldinu. Hún hafi hringt í vini sína. Fyrst hafi hún hringt í C en símtalið slitnað. Þá hafi hún hringt í I og þá hafi hún ekki verið búin að átta sig á því hvað gerðist, hún hafi verið í sjokki. Hún hafi svo hringt í D og hitt hann og sagt honum lauslega hvað hefði gerst. C vinkona hennar hafi svo komið og þær farið á hótelið. Þá hafi hún fengið sms-skilaboð frá ákærða. Daginn eftir hafi hún farið í sturtu og C séð að hún væri öll marin og sagt að hún yrði að tala við einhvern. Brotapoli hafi svo talað við tvær vinkonur C sem hafi verið á staðnum sem hafi ráðlagt henni að tala við B. Brotapoli kvaðst ekki hafa þekkt hana þá en hún hefði hjálpað vinkonu brotapola sem hafi verið lamin kvöldinu áður. B hafi svo farið með brotapola á lögreglustöðina.

Nánar spurð um atvik sagði brotapoli að hún hafi ekki sagt neitt þegar hún hafi legið á bakinu, þá hafi hún bara verið í sjokki. En þegar hún hafi verið komin ofan á hann og hann hafi byrjað að putta hana hafi hún byrjað að segja „nei“ og „hættu“, og þegar hann hafi svo spurt hvort eitthvað væri að. Annars hafi hún ekkert sagt. Brotapoli sagði að ákærði hafi aldrei áður tekið fast um hálsinn á henni, þannig að hún hafi átt erfitt með að anda. Hann hafi verið að kyrkja hana umrætt sinn. Þetta hafi ekki verið einhver skemmtilegur leikur. Hann hafi ekki spurt hana hvort hann mætti gera eitthvað af þessu við hana. Hann hafi bara spurt hana um endaparmsmök en svo hafi hann bara byrjað að putta hana strax eftir það. Brotapoli var spurð hvort einhver hafi getað heyrt í henni í næsta tjaldi þegar hún hafi sagt ákærða að hætta, hvort hún hafi sagt honum hátt og skýrt að hætta, og sagði

brotapoli að hún hafi sagt honum það skýrt. Hún hafi ekki öskrað það heldur sagt ákveðið „hættu“. Brotapola var kynntur framburður hennar hjá lögreglu þar sem hún kvaðst hafa sagt ákærða ítrekað að hætta, eða þrisvar sinnum, en hann hefði sagt henni að þegja og haldið áfram, og sagði hún að þetta væri rétt. Spurð í hvaða stellingu brotapolí hafi verið þegar hún sagði ákærða að hætta kvaðst hún hafa verið ofan á honum. Brotapoli kvaðst aldrei hafa fengið áverka eftir ákærða þegar þau hafi áður stundað kynlíf en hann hafi gert sogblett á brjóst hennar. Einnig sagði brotapolí að það hafi fengið mikið á hana þegar hann hafi byrjað að kalla hana illum nöfnum en hún hafi ekki sagt neitt þá.

Almennt um samband sitt og ákærða og kynlíf þeirra sagði brotapolí að það hafi verið venjulegt en stundum hafi hann tekið hana hálstaki, en aldrei kyrkt hana. Einnig hafi verið um að ræða rassskellingar en hann hefði aldrei *slegið* hana. Það hafi verið mikil tjáskipti milli þeirra, eins og þegar hann vildi prófa endaþarmsmök. Ef hann hafi viljað prófa eitthvað hafi hann spurt hana og þau hafi kannski prófað það og eins hafi hún spurt hann ef hún vildi prófa eitthvað. Það hafi aldrei neitt verið í þeim tilgangi að meiða. Einnig kom fram hjá brotapolá að þegar hún hitti ákærða og fór með honum í tjaldið hafi hún haft væntingar til þess að þau myndu taka aftur upp samband. Þess vegna hafi hún farið með honum og ætlaði að sofa hjá honum. Hún hafi verið að vonast til að hann fengi aftur tilfinningar til hennar því að hún hafi verið ennþá rosalega hrifin af honum. Hún hefði hins vegar aldrei farið með honum ef hún hefði vitað hvernig þetta myndi fara.

Fram kom hjá brotapolá að eftir skýrslutökuna 7. ágúst 2015 hafi ákærði komið heim til hennar þegar hún var ein heima. Hún hafi verið í sturtu og ekki átt von á neinum. Hún hafi fengið á tilfinninguna þegar dyrabjallan hringdi að þetta væri ákærði. Ákærði hafi hringt bjöllunni í um 10 mínútur með hléum. Hún hafi svo séð á farsíma sínum að hann hafi verið búinn að hringja í hana nokkrum sinnum. Það hafi svo verið hringt í heimasímann og hún svarað í hann. Þetta hafi verið ákærði og sagt að hann hafi verið þarna. Brotapolí hafi ekki viljað tala við hann og sagt að hún væri hrædd við hann. Hann hafi þá hlegið og spurt hvort hún væri í alvöru hrædd við hann. Hún hafi sagt „já“ og hann hafi reynt að fá hana til að fella málið niður.

Brotapolí sagði að ákærði hafi verið í sama skóla og hún nokkra mánuði eftir atvik það sem ákærða er gefið að sök. Hún hafi verið hrædd við hann og byrjað að sniðganga skólann. Hún hafi verið góður námsmaður. Hún hafi skipt um skóla en það hafi ekkert hjálpað og hún væri ekki í skóla í dag. Einnig greindi brotapolí frá því að hún hafi gengið til sálfræðings í um ár. Hún hafi svo leitað aftur til sálfræðings þegar hún hafi fengið að vita að málið færi fyrir dóm. Jafnframt sagði brotapolí að hún hafi byrjað að nota mikið áfengi til að deyfa tilfinningar

sínar því að hún hafi verið rosalega kvíðin. Einnig hafi hún verið mjög reið og tekið reiðiköst. Það hafi tekið hana mjög langan tíma að jafna sig. Hún væri enn að jafna sig og það hafi tekið mikið á hana að rifja þetta upp.

Vitnið *C*, sem kvaðst vera besta vinkona brotþola, sagði að brotþoli hefði hringt hágrátandi í vitnið strax eftir að umrætt atvik hafi gerst. Vitnið hefði hitt brotþola sem hafi greint frá því að hafa farið í tjaldið með ákærða og þau byrjað að stunda kynlíf. Það hafi endað með því að hún hafi ekki viljað meira því að hann hafi byrjað að vera „aggressive“ og meitt hana. Brotþoli hafi sagt honum að hætta og reynt að fara burt en ákærði þá tekið í hana, meitt hana og haldið áfram. Vitnið kvaðst hafa séð áverka á brotþola. Mikið af marblettum á brjóstunum og hálsi. Einnig minnti vitnið að brotþoli hafi verið með mar á læri. Vitnið sagði að brotþoli hafi verið illa farin líkamlega. Þá sagði vitnið að það hefði farið með brotþola fyrst aðeins upp í dal því að vitnið hafi verið að reyna að hugga brotþola og svo farið upp á hótél. Vitnið kvaðst hafa legið hjá brotþola alla nóttina. Brotþoli hafi verið hágrátandi og ekki viljað fara strax til lögreglu. Þegar brotþoli hafi farið í sturtu um morguninn hafi vitnið séð áverkana á henni og náð í B og sagt henni að eitthvað slæmt hefði gerst hjá brotþola og að hún yrði að ræða við brotþola og fá hana til að fara til lögreglu. B hefði svo farið með brotþola á lögreglustöðina. Þá sagði vitnið að eftir þetta hafi brotþoli orðið þunglynd og verið með miklu meiri kvíða en hún hafi verið með áður. Einnig hafi brotþoli farið að drekka mikið og ekki treyst strákum.

Vitnið *B*, kölluð B, greindi frá því að hafa kynnst brotþola og vinum hennar á Þjóðhátíð 2015. Vitnið hafi verið að vinna fyrir [...] og verið á sama hóteli og brotþoli. Vitnið kvaðst hafa séð brotþola sunnudagsmorguninn 2. ágúst. Brotþoli hafi verið algjörlega stjórf frammi á gangi með vinkonu sinni og ekki getað komið upp orði. Vitnið kvaðst hafa tekið brotþola að sér og byrjað að ræða við hana og spurt hvort eitthvað væri að. Brotþoli hafi sagt frá því að hafa hitt fyrrverandi kærasta sinn og hún haldi að henni hafi verið nauðgað. Vitnið hafi beðið brotþola að segja frá því sem hefði gerst og brotþoli sagt að þetta hefði gerst í tjaldi og verið mjög gróft. Þá hafi brotþoli sýnt vitninu mikla áverka og vitnið tilkynnt að það kæmi ekki til vinnu þennan dag og ákveðið að fara með brotþola á lögreglustöð. Vitnið sagði að það hafi verið alveg greinilegt að eitthvað mikið hafi komið fyrir brotþola. Brotþoli hafi titrað og verið stjórf. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð manneskju svona.

Vitnið *D* sagði að brotþoli hefði hringt í sig umrædda nótt og verið grátandi. Vegna hávaða hafi vitnið ekki heyrt alveg hvað brotþoli sagði en brotþoli hafi viljað hitta vitnið við tjörnina. Þegar vitnið hafi komið þangað hafi brotþoli setið þar ein og verið grátandi. Brotþoli hafi svo sagt við vitnið að

fyrirverandi kærasti hennar hafi nauðgað henni. Vitnið hafi panikkað og spurt hvað hefði gerst. Brotapoli hafi sagt að hún og ákærði hefðu farið saman inn í tjald og síðan hafi hann gert eitthvað sem hún vildi ekki. Hún hafi náð að ýta honum af sér og þá hefði hann sparkað í hana. Vitnið hafi verið í sjokki og ákveðið að hringja í bestu vinkonu brotapola, C, og fara með brotapola til hennar. Vitnið hefði svo farið. Um ástand brotapola sagði vitnið að hún hafi verið grátandi og skjálfandi og átt erfitt með að koma orðunum frá sér.

Vitnið *I* sagði að á þessum tíma hafi hann verið að hitta brotapola en þau hafi aðallega verið vinir. Brotapoli hafi hringt í vitnið umrædda nótt og verið hágrátandi. Símtalið hafi slitnað í miðju samtali. Vitnið hefði svo hitt brotapola daginn eftir. Vitnið kvaðst hafa séð að brotapoli var marin á brjósti og undir auga að því er vitnið minnti. Einnig sagði vitnið að það hafi ekki viljað vita mikið um þetta. Þetta atvik hafi haft mikil áhrif á brotapola og henni liðið illa. Brotapoli hafi hætt að borða og ekki litið vel út. Borin var undir vitnið samantekt á framburði þess hjá lögreglu þar sem fram kemur að vitnið hafi greint frá því að brotapoli hafi sagt að ákærði hefði reynt að nauðga sér og sagði vitnið að brotapoli hafi sagt það í símanum en svo þegar vitnið hitti brotapola hafi hún sagt að hann hefði náð að nauðga henni og sagt frá endaparmsmökum sem hún hafi aldrei viljað.

Vitnið *K*, móðir brotapola, sagði að hjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum hefði hringt í sig og tilkynnt að brotapoli væri stödd þar vegna nauðgunar. Vitnið kvaðst hafa heyrt í brotapola í síma eftir skoðun þar. Brotapoli hafi verið í algjörri geðshræringu og grátið mikið. Henni hafi þótt mjög erfitt að segja vitninu frá þessu og í raun ekki viljað talað við vitnið strax. Brotapola hafi þótt þetta gífurlega erfitt og ekki sagt vitninu nákvæmlega hvað hefði gerst. Vitnið hefði svo hitt brotapola þegar hún kom í bæinn. Brotapoli hafi þá verið rosalega þreytt og buguð. Um líðan brotapola í kjölfarið sagði vitnið að hún hafi verið hræðileg. Brotapoli hafi grátið út í eitt. Henni hafi liðið rosalega illa og fengið slæm kvíðaköst þannig að hún hafi ekki náð andanum. Vitnið kvaðst hafa tekið vikufri frá vinnu og verið með brotapola allan sólarhringinn. Áður hafi brotapoli verið mjög lífsglöð, metnaðarfull og haft gaman af lífinu. Vitnið kvaðst hafa eignast nýtt barn á augabragði. Vitnið hafi aldrei séð brotapola í svona ástandi áður. Einnig skýrði vitnið frá því að brotapoli hafi farið til sálfræðings og sálfræðingurinn hafi haft samband við vitnið og sagt að brotapoli væri með sjálfsmorðshugleiðingar. Vitnið kvaðst hafa talað um þetta við brotapola. Brotapoli hafi þá hætt að treysta sálfræðingnum og neitað að fara aftur. Brotapoli hafi svo farið í Barnahús og náð þar góðu sambandi. Brotapola hafi liðið betur eftir tímana þar en hún hafi alltaf bugast inn á milli. Einnig sagði vitnið að brotapoli hafi leiðst út í mikla áfengisdrykkju og flosnað upp úr skóla. Brotapoli hafi verið dúx í grunnskóla og

farið á [...] og gengið mjög vel og haft háleit markmið. Brotapoli hafi fallið í öllu í skólanum eftir meint brot ákærða. Dag einn í mars 2016 hafi brotapoli alveg brotnað saman og gefist upp. Daginn eftir hafi vitnið komið því til leiðar að brotapoli skipti um skóla en það hafi ekki borið árangur. Brotapoli hafi tekið með sér hræðsluna og kvíðann. Þar hafi hún fallið í öllu nema einu. Þá sagði vitnið að brotapoli væri ennþá hrædd við að fara í skóla. Hana langi til að mennta sig en sé ekki búin að vinna úr hræðslunni.

Vitnin *H* og *G* greindu frá því að hafa verið í tjaldi við hliðina á tjaldi ákærða umrædda nótt. Vitnin sögðu að þau hefðu ekki heyrt neitt úr tjaldi ákærða. Þá greindi síðara vitnið frá því að tjöldin hafi verið í 10 mínútna göngufjarlægð frá hátíðarsvæðinu.

Þá kom fram hjá vitnunum *E* og *F*, sem voru með ákærða þegar hann var handtekinn, að ákærði hafi verið mjög rólegur.

Vitnið *L* lögreglufulltrúi, sem ritaði frumskýrslu í málinu, skýrði frá því að brotapola hafi verið mikið niðri fyrir þegar hún kom á lögreglustöðina. Brotapoli hafi skýrt frá því að ákærði hafi farið að beita hana ofbeldi og gert það sem hún hafi ekki viljað. Vitnið kvaðst hafa tekið myndir af áverkum brotapola. Einnig kom fyrir dóm vitnið *M* lögreglufulltrúi en ekki er ástæða til að rekja sérstaklega vitnisburðinn.

Vitnið *N* læknir staðfesti skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun og fyrir liggur í málinu. Þá sagði vitnið *O*, hjúkrunarfræðingur á Neyðarmóttöku, að brotapoli hafi verið dofin og miður sín og liðið illa þegar hún kom á Neyðarmóttöku.

#### IV.

Í máli þessu er ákærða gefin að sök nauðgun gegn brotapola aðfaranótt sunnudagsins 2. ágúst 2015 í tjaldi á tjaldstæði við Áshamar í Vestmannaeyjum, með því að hafa, eftir að þau hófu samfarir með vilja beggja, beitt hana ofbeldi og ólögmati nauðung við samfarirnar, slegið hana ítrekað í andlitið, sett fingur í endaparm hennar og ekki látið strax af háttseminni þó að hún hafi beðið hann um það og reynt að færa höndina á honum til, heldur tekið utan um háls hennar og þrengt að, klippið hana fast í brjóstin, bitið hana í vörina og haldið áfram samförum á meðan á framangreindu stóð. Eru engir annmarkar á rannsókn málsins eða ákæru sem geta leitt til þess að máli þessu verði sjálfkrafa vísað frá dómi.

Ákærði neitar sök. Hann og brotapoli voru saman í um sjö mánuði en slitu sambandi snemma sumars 2015. Þau héldu hins vegar áfram að hittast til að stunda kynlíf. Umrætt sinn höfðu þau mælt sér mót við veitingatjaldið og svo farið í tjald ákærða til að stunda kynlíf. Brotapoli bar ennþá tilfinningar til ákærða og var að vonast til þess að þau myndu taka aftur upp samband. Óumdeilt er að þau hófu

samfarir með vilja beggja. Þeim ber hins vegar ekki saman um hvað gerðist eftir að samfarir hófust. Ákærði heldur því fram að það sem gerðist í tjaldinu og áverkar sem brotaþoli hlaut hafi verið í samræmi við það kynlíf sem þau hafi stundað en þau hafi stundað gróft kynlíf.

Ákærði bar um það við skýrslutöku hjá lögreglu 2. ágúst 2015 að hann hefði kallað brotaþola hóru og druslu og að hann hefði aldrei gert það áður. Einnig sagði ákærði að hann hefði slegið brotaþola „aðeins fastar en ég ætlaði mér“ þar sem hann hafi verið ölvður. Hann hefði „pottþétt slegið hana of fast“. Ákærði kannaðist við að hafa tekið brotaþola kyrkingartaki en sagði að hann hafi gert það þegar þau stunduðu kynlíf. Einnig kannaðist ákærði við að hafa gripið um brjóst brotaþola og að hann hafi verið harðhentur. Þá viðurkenndi ákærði að hafa ekki hætt strax þegar hún sagði honum að hætta þegar hann setti fingur í endaparm hennar. Um ástæðu þess að brotaþoli hafi farið að gráta hélt ákærði að það hefði verið vegna þess að hann hefði slegið brotaþola of fast og henni hafi liðið illa með það.

Framburður ákærða fyrir dómi var á nokkuð annan veg. Hann viðurkenndi að hafa kallað brotaþola hóru og druslu en þá hafi hún farið að gráta og þau hætt samförunum. Einnig sagði ákærði að hann hefði gefið brotaþola kinnhesta í fimm til tíu skipti og tekið um háls hennar og þrengt létt að, eins og hann hafi gert áður. Ákærði dró úr fyrri framburði sínum hjá lögreglu um að hann hefði slegið brotaþola of fast. Hann kvaðst ekki hafa upplifað það þannig en það væri frekar líklegt að hann hafi gert það vegna ölvunar. Ákærði viðurkenndi að hafa bitið brotaþola í vörina. Einnig sagði ákærði að hann hefði klipið hana í brjóstin, en það hafi ekki verið neitt óvenjulegt við það. Sagði ákærði að hann hafi stundum gert sogblett á brjóstin á henni við samfarir. Þá sagði ákærði að hann hafi gælt við endaparm brotaþola og farið „létt“ inn með puttann. Hann kvaðst hafa hætt því um leið og brotaþoli hafi sagt honum að hætta. Um ástæðu þess að brotaþoli fór að gráta sagði ákærði að það hafi verið vegna þess að hann hefði kallað hana illum nöfnum. Enn fremur sagði ákærði að í sms-skilaboðum hans til brotaþola umrædda nótt hafi hann verið að biðjast fyrirgefningar á því að hann hafi kallað hana illum nöfnum, en ekki því að hafa slegið hana of fast. Orðbragðið hafi verið það eina sem hafi gengið of langt hjá ákærða umrætt sinn.

Brotaþoli hefur borið um atvik hjá lögreglu og fyrir dómi á sama veg. Brotaþoli hefur lýst því að þegar hún veitti ákærða munnmök hafi hann gerst harðhentur og viljað stjórna höfuðhreyfingum hennar. Hún hafi þá sagt honum að gera það ekki og hann hætt því. Þau hafi hafið samfarir og brotaþola brugðið mjög þegar ákærði fór að kalla hana illum nöfnum, eins og hóru. Hann hafi ekki gert það áður og hún hafi frosið og ekki vitað hvernig hún ætti að bregðast við og fundist

hún varnarlaus. Ákærði hafi svo ítrekað slegið hana mjög fast í andlitið þannig að höfuð hennar hafi færst til. Svo hafi hann byrjað að kyrkja hana og hún hafi reynt að gefa honum merki með höndunum um að hætta en án árangurs. Hann hafi hert svo mikið að hálsi hennar að hún hafi átt erfitt með að anda og fundið fyrir þrýstingi í höfði. Hún hafi haldið áfram að vera frosin. Hann hafi svo gripið mjög fast í brjóst hennar og togað hana upp. Einnig hafi hann bitið í vör hennar. Þá hafi ákærði ætlað að setja fingur í endaparm hennar þrátt fyrir að hann hafi vitað að hún vildi ekki slíkt. Hún hafi þrisvar sagt honum að hætta en hann hafi haldið áfram. Einnig hafi hún reynt að færa höndina á honum en án árangurs. Brotapoli sagði að hún hafi verið hrædd og ekki þorað annað en að hlýða ákærða. Hún hafi verið hágrátandi og að lokum ýtt honum frá sér. Brotapoli skýrði frá því að þegar þau hafi stundað kynlíf áður hafi ákærði haldið létt um háls hennar en aldrei tekið fast um háls hennar. Þá hefði hann aldrei slegið hana eins og hann gerði í tjaldinu. Brotapoli sagði að kynlíf þeirra hefði aldrei verið meiðandi og hún hafi aldrei fengið áverka eftir kynlíf með ákærða.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið er nokkurt misræmi í framburði ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi. Framburður ákærða um atvik, og fullyrðing hans um að kynlíf ákærða og brotþola umrætt sinn hafi verið í samræmi við það kynlíf sem þau hafi áður stundað, fær ekki stoð í því sem kemur fram í gögnum málsins og framburði vitna fyrir dómi. Ákærði hefur í raun sjálfur lýst því að kynlíf þeirra hafi verið annað en áður og ofbeldisfullt, en hann hefur viðurkennt að hafa kallað brotþola hóru og druslu, sem hann hafi ekki gert áður, slegið hana fastar en hann ætlaði sér og verið harðhentur. Þá viðurkenndi ákærði hjá lögreglu að þegar brotþoli sagði honum að hætta að setja fingur í endaparm hennar hafi hann ekki hætt strax. Samkvæmt skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun á brotþola á Neyðarmóttöku skömmu eftir atvik var hún með sprungu við endaparm. Það fær því ekki staðist að ákærði hafi „gælt“ við endaparm og sett fingur „létt“ inn. Brotþoli var með fjölmarga aðra áverka. Brotþoli var marin yfir nánast allt brjóst, báðum megin. Þá var hún með sár á baki, með áverka á vör, marin á rassi og á læri. Einnig var hún með húðrispur og mar á hnjám og sköflungi. Jafnframt var hún með áverka á hálsi, sem styður frásögn hennar um að ákærði hafi tekið hana mjög föstu kyrkingartaki. Áverkar brotþola styðja eindregið frásögn hennar um atvik en framburður ákærða fær engan veginn staðist. Þá liggja fyrir sms-skilaboð ákærða til brotþola þar sem hann biður hana fyrirgefningar. Skýring ákærða fyrir dómi um að hann hafi verið að biðja brotþola fyrirgefningar á orðbragði sínu fær ekki staðist enda stendur í þeim að hann „fór með þig eins og hlut áðan“. Fjölmörg vitni sem hittu brotþola eða ræddu við hana í kjölfar atvika umrædda nótt hafa borið um það að brotþoli var í mikilli geðshræringu. Það dregur ekki úr trúverðugleika brotþola

Þótt hún kunni að hafa skýrt vitninu I frá því að ákærði hafi reynt að nauðga henni eða vitninu B um að hún hafi haldið að henni hafi verið nauðgað, enda var brotþoli í miklu uppnámi og erfitt að segja frá því að hafa verið nauðgað. Fyrir liggur að miklar breytingar urðu á líðan brotþola eftir atvik umrædda nótt og hún flosnaði upp úr skóla. Í vottorði J sálfræðings, dags. 30. nóvember 2015, kemur fram að brotþoli sýndi veruleg einkenni þunglyndis og streitu og einkenni áfallastreitu, sem eru vel þekkt einkenni kynferðisofbeldis. Þá hefur móðir brotþola lýst því að brotþoli hafi áður verið lífsglöð stúlka og góður námsmaður með háleit markmið. Styður þetta frásögn brotþola um atvik.

Með vísan til alls framangreinds telur meiri hluti dómsins sannað að ákærði gekk of langt og beitti brotþola ofbeldi og ólögmætri nauðung við samfarirnar, eins og lýst er í ákæru málsins. Verður hann því sakfelldur fyrir nauðgun, sbr. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari telur sannað að ákærði hafi viðhaft þá háttsemi sem í ákæru greinir og að sú háttsemi sé ofbeldi og hlutlægt séð nauðgun. Við saknæmismat um ásetning ákærða verði að líta til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu um hvernig kynferðislegu sambandi aðila var háttað og að í umrætt sinn hafi ákærði haft réttmæta ástæðu til að ætla að brotþoli hafi verið samþykkt samförum við hann. Með hliðsjón af því verði ekki séð að ásetningur ákærða hafi náð til þess að nota hinar ólögmætu verknaðaraðferðir til þess að ná fram kynmökunum, og því beri að sýkna ákærða af nauðgun.

#### V.

Ákærði er fæddur [...] og var því [...] ára er hann framdi brot sitt. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverðan verknað. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að ákærði hefur gerst sekur um alvarlegt kynferðisbrot gegn [...] ára stúlku sem var fyrrverandi kærasta hans. Brot ákærða hefur haft alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola, andlegar og félagslegar. Allt þetta ber að virða ákærða til refsipýngningar. Til refsilækkunar ber hins vegar að horfa til ungs aldurs ákærða. Að mati dómsins er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár.

#### VI.

Í málinu liggur fyrir miskabótakrafa brotþola, að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur gerst sekur um alvarlegt brot gegn brotþola og á hún rétt á miskabótum með vísan til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Með hliðsjón af atvikum og þeim alvarlegu afleiðingum sem brot ákærða hefur haft á brotþola eru miskabætur hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur. Dráttarvextir skulu reiknast frá 7. janúar 2017, þegar liðinn var mánuður frá því að bótakrafan var birt ákærða, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað málsins. Um er að ræða kostnað vegna læknisvottorðs, 32.000 krónur, 70.000 krónur vegna skoðunar og sýnatöku, 90.000 krónur vegna vottorðs frá Barnahúsi og 199.485 krónur vegna þóknunar réttargæslumanns á rannsóknarstigi, samtals 391.485 krónur. Miðað við umfang málsins er þóknun verjanda ákærða hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari ásamt meðdómsmönnunum Boga Hjálmtýssyni héraðsdómara og Ragnheiði Bragadóttur héraðsdómara.

### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði A miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 2. ágúst 2015 til 7. janúar 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 1.591.485 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Lúðvíks Bergvinssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 1.200.000 krónur.

Sandra Baldvinsdóttir  
Bogi Hjálmtýsson  
Ragnheiður Bragadóttir